

Lánaþjóður sveitarfélaga ohf.

LSS150224

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 29. júní 2009, og viðauka við grunnlýsingu, dagsettir 29. mars 2010 og 14. september 2009, skv. IV. og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu, viðauka við grunnlýsingu og endanlegum skilmálum. Grunnlýsingu útgefanda, og viðauka við hana má nálgast á starfsstöð útgefanda og á heimasíðu hans, sem er: www.lanasjodur.is

Útgefandi	Lánaþjóður sveitarfélaga ohf., kt 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.
Ábyrgð útgefanda	Lánaþjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lántímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnréttiháar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda
Auðkenni	LSS150224.
ISIN númer	IS0000018869.
Tilgreind mynt	ISK.
Nafnverð	ISK 935.000.000.
Áður útgefið og selt	ISK 17.712.000.000.
Stærð flokks skv. nágildandi heimild	ISK 40.000.000.000 að nafnvirði.
Dagareglu	30E/360.
Nafnverðseiningar	ISK 1.
Útgáfudagur	4. maí 2010
Fyrsti vaxtagdagur	29. október 2008.
Tegund bréfs	Verðtryggt jafngreiðslubréf.
Vextir	3,75% fastir verðtryggðir ársvextir.
Tíðni afborganna og vaxta	Tvisvar á ári, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.
Fyrsta greiðsla	15. febrúar 2009.
Fjöldi vaxtagreiðslna og afborgana	31.
Lokagjalddagi	15. febrúar 2024.
Verðtrygging og grunnvísitala	Skuldabréf þetta er bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV). Grunnvístala bréfanna er 312,8 (VNV október 2008).

Ávöxtun á söludegi

Ávöxtunarkrafa dags. 30. apríl 2010 er 4,55% og sölugengi 103,449413.

Útreikningur ávöxtunar

Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins sé jafnt sölouverðinu.

Taka til viðskipta

Skuldabréf að fjárhæð ISK 935.000.000 að nafnvirði verða tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. þann 5. maí 2010.

Uppgreiðsluheimild

Engin uppgreiðsluheimild er á skuldabréfunum.

Víkjandi ákvæði

Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum.

Hlunnindi

Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum.

Verðbréfamíðstöð

Verðbréfaskráning Íslands hf., Laugavegi 182, Reykjavík.

Skuldabréf í flokknum verða sold til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu 5. maí 2010. Frekari útgáfur verða soldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili sölunnar er Lánsjóður sveitarfélaga ohf.

Lánsjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins sem nemur 0,5% af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útboði fyrir sig. Lánsjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald vegna skráningar skuldabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands sem nemur 0,002% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni.

Ennfremur greiðir Lánsjóður sveitarfélaga ISK 90.000 fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu gjaldi sem nemur 0,001% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK 3.913.816.

Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK 967.252.012. Að frádreginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu og annars kostnaðar er nettósoluandvirði útgáfunnar ISK 963.338.196. .

Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann 4. maí 2010:

sem hefur til þess fullt umboð